

Menntamálaráðuneytið  
Þróunarsjóður grunnskóla  
Skólaárið 2007-2008

# Lokaskýrsla A um þróunarverkefnið

## **Svífum Seglum Þöndum**

### í Lundarskóla 2007 - 2008



Ráðgjafi verkefnisins er  
Ingvar Sigurgeirsson prófessor við HÍ

**Ágúst 2008**  
Maríanna Ragnarsdóttir kennari  
Þorgerður Sigurðardóttir deildarstjóri  
Gunnar Jónsson aðstoðarskólastjóri

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	3
Aðdragandi.....	4
Samantekt og mat.....	5
Svífum seglum þöndum .....	9
Lokaorð.....	13
Fylgiskjöl .....	14

## Útdráttur

Próunarverkefni Lundarskóla 2007-2008 heitir „*Svífum seglum þöndum*” sem höfðar til þess að í skólanum eru fjölbreyttir kennsluhættir og viljum við miða að því að nýta þá í þágu hvers og eins nemanda. Við höfum seglin, en erum að þróa byr í þau.

Í verkefninu er aðaláhersla lögð á heildarskipulag kennsluhátta auk einstaklingsmiðunar og samfellu í námi nemenda innan aldurshópa og milli námsgreina þar sem byggt er á sterkum hliðum hvers nemanda. Ákveðið var að leggja sérstaka áherslu á árgangana sem fæddir eru 1995, 2000 og 2001. Ástæða þess að þessir árgangar voru valdir var að með verkefninu á að byggja upp einstaklingsmiðaða kennsluhætti frá byrjun skólagöngu nemenda sem heldur svo áfram í öllum árgöngum. Árgangur 1995 var valinn til að brúa bilið á milli miðstigs og unglíngastígs.

Hver árgangur er einn hópur í umsjá þriggja til fjögurra kennara, þar af er a.m.k. einn menntaður sérkennari. Sérstaklega hefur verið leitað leiða til að koma betur til móts við nemendur sem þurfa sérstakan stuðning með því að menntaður sérkennari vinni með bekkjarkennurum hópsins og mynda þeir saman teymi og hafa mikið samstarf sín á milli. Kennarateymið skipuleggur og þróar námsumhverfi sem á að henta hverjum og einum nemanda með það að markmiði að sinna þörfum allra nemenda innan kennslustofunnar.

Verkefnið á að efla þá sýn á skólastarfið að litið sé á hvern árgang sem eina heild og að hópaskipting innan hans einskorðist ekki við bekkjardeildir.

List- og verkgreinakennarar sem kenna þessum árgöngum mynda einnig teymi sem vinnur að því að auka val nemenda í list- og verkgreinum.

Allt annað starfsfólk skólans myndaði einnig teymi um sjálfvalin verkefni sem það vildi þróa með áherslu á sameiginleg markmið próunarverkefnisins.

## Aðdragandi

Verkefnið *Svífum seglum þöndum* hófst upphaflega á starfsmannafundi í Lundarskóla á vordögum 2007. Allir starfsmenn skólans tóku þátt í matsfundi/vinnufundi þar sem fjölmargar hugmyndir litu dagsins ljós. Á þessum fundi kom fram skýr vilji fólks um breytingar í skólastarfinu. Allar hugmyndirnar voru skoðaðar og þeim forgangsraðað. Helst kom fram að fólk vildi sjá:

- Markvissari stefnu skólans, skilgreina hana vel og hafa meiri eftirfylgni en áður.
- Bættar boðleiðir og aukinn stuðning við starfsfólk.
- Sameiginlega sýn alls starfsfólks á skólastarfið.

Auk þessa sóttust kennarar eftir því að litið yrði á hvern árgang sem eina heild. Kennarateymi gætu séð um alla bóklega kennslu auk sérkennslu í hverjum árgangi fyrir sig. Með þessu væri hægt að deila ábyrgð kennara á nemendum, námi og kennslu, ásamt því að hver kennari væri með færri nemendur í umsjón. Í list- og verkgreinum yrði stefnt á meiri samþættingu námsgreina, fjölbreytni í kennsluaðferðum og hæfilegt sambland verk- og bóknáms. Þannig væri hægt að koma betur til móts við nemendur þar sem styrkleiki þeirra væri nýttur sem best. Út frá þessum hugmyndum var hafist handa við að skipuleggja þróunarstarfið sem fékk nafnið *Svífum seglum þöndum* og vísar til þess að við hefðum seglin sem eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennsluhættir og með samvinnu viljum við byrja þau.

Ingvar Sigurgeirsson prófessor við HÍ var fenginn til liðs við okkur sem ráðgjafi verkefnisins. Hann tók þátt í framkvæmd verkefnisins og hefur heimsótt skólann reglulega, flutt fyrirlestra, fylgst með kennslu og átt samræður og fundi með stjórnendum, þróunarstjórn og einstökum starfsmannateymum.

## Samantekt og mat

Í upphafi skólaárs 2007 – 2008 var skipuð þróunarstjórn í Lundarskóla. Í henni sitja Þórhildur Helga Þorleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Jónsson aðstoðarskólastjóri, Eyrún Skúladóttir deildarstjóri, Þorgerður Sigurðardóttir deildarstjóri og Maríanna Ragnarsdóttir kennari.

Vinnan hófst svo fyrir alvöru á starfsdegi þann 17. ágúst 2007. Þá kom Ingvar Sigurgeirsson í heimsókn og hélt hann fyrirlestur fyrir allt starfsfólk skólans um þróunarstarf og leiðbeindi um framhald. Allt starfsfólk skólans skipaði sér í teymi og valdi hvert teymi umbótaverkefni sem það vildi leggja áherslu á. Ákveðið var að fara rólega af stað með þrjú þætt þróunarverkefni. Í fyrsta lagi að mynda kennarateymi í 1., 2. og 7. bekk sem skyldu vera nokkurs konar brautryðjendur fyrir verkefnið í heild. Annað var að mynda teymi list- og verkgreinakennara sem kenndu í þessum árgöngum og í þriðja lagi myndun teyma hjá öðru starfsfólki. Síðastnefndu teymin völdu sér viðfangsefni sjálf, settu sér markmið, fundu leiðir til að ná þeim og gerðu verkáætlun. Þó svo teymin hafi unnið með ólík viðfangsefni og áherslur unnu allir að sameiginlegum markmiðum sem voru:

- Að skapa heildstæða kennslu fyrir 1., 2. og 7. bekk, þar sem litið verði á hvern árgang sem eina heild, í stað stakra bekkjardeilda.
- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir betur til einstaklingsmiðaðra kennsluhátta.
- Að auka vellíðan nemenda og ánægju í námi.
- Að byggja á sterkum hliðum nemenda og áhugasviðum þeirra.
- Að efla ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Að samhæfa heildarskipulag kennsluhátta í skólanum.
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.
- Að auka samfellu í námi milli aldurshópa og námsgreina.

Til að auðvelda framgang mála við þróunarverkefnið útbjóg þróunarstjórnin þróunaráætlun til ársins 2010 svo og framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2007 – 2008. Áætlanirnar gerðu allt starfið við verkefnið léttara í skipulagningu og vinnslu.

Á vordögum 2007 bauð Akureyrarbær umsjónarkennurum sem vildu fara í teymiskennslu með einstaklingsmiðaða kennsluhætti að markmiði, viðbótarsamning. Tíu kennarar í Lundarskóla þáðu þetta. Samningurinn fól það í sér að kennarar áttu að vera á staðnum frá kl. 8 – 16 auk þess að skila 40 klst. vinnu að hausti fyrir skólabyrjun og að vori eftir skólalok. Þetta gerði það að verkum að verkefnið vannst betur en ella m.a. vegna þess að umsjónarkennarar í 1., 2. og 7. bekk voru alltaf á staðnum og fengu meiri sameiginlegan undirbúningstíma. Önnur teymi unnu að sínum verkefnum á verkstjórnartímum og var áætluð 1 klst. á viku í það.

Ákveðnir starfsmannafundir og hlutar úr starfsdögum voru síðan ætlaðir í þessa vinnu. Erfiðara var að finna tíma fyrir annað starfsfólk en það vann aðallega að verkefnum á starfsmannafundum og starfsdögum.

Í upphafi var ákveðið að fjögur teymi myndu vinna markvisst að þróunarverkefnum. Það var teymi 1., 2. og 7. bekkjarkennara ásamt einu teymi list- og verkgreinakennara. Þessi teymi fengu samnefnið *langskipin*. Þróunarstjórn hélt reglulega fundi með langskipunum þar sem ákveðin verkefni voru unnin. Þetta voru verkefni sem miðuðu að betri samvinnu innan teymis og einnig sjálfsskoðunarverkefni fyrir einstaklinga innan teymisins. Auk þessa voru ýmis málefni tekin fyrir á fundum, þ.e. ef eitthvað sérstakt hvíldi á fólki. Teymin deildu með sér reynslu og hugmyndum og ræddu um það sem vel hefði tekist í starfinu og það sem mætti bæta. Einnig kom Ingvar Sigurgeirsson tvisvar og hitti þessi teymi sérstaklega, fylgdist með kennslu og ræddi við teymin um þau álitamál sem efst voru á baugi hverju sinni.

Vinnan í 1., 2. og 7. bekk markaðist af teymiskennslu þar sem tveir eða fleiri kennarar unnu saman við kennslu í sama rými. Kennarar í hverju teymi báru sameiginlega ábyrgð á því sem var kennt; kennslunni og mati á nemendum. Þessi vinna tókst vel að okkar mati. Kennararnir í þessum teymum lögðu af stað í verkefnið af eigin vilja, metnaðarfullir, áhugasamir og með góðar hugmyndir. Í öllu þróunarstarfi reka þátttakendur sig ávallt á, það gengur ekki alltaf allt upp og því þarf að endurmeta stöðuna reglulega, fara yfir markmiðin og jafnvel að breyta áætlunum. Þetta þurftu þessi teymi líka að gera. Mat ráðgjafa er að þessi sveigjanleiki hafi verið lykillinn að því hversu vel tókst til við verkefnið í heild.

Í verkefnum *Svífum seglum þöndum* kom skýrt fram meðal kennara í þeim þróunarverkefnum sem lengst gengu (langskipunum) að teymisvinna hefði marga kosti bæði fyrir nemendur og kennara. Agamálin gengu t.d. að mörgu leyti betur því hægt var að bregðast strax við aðstæðum sem upp komu. Betra var að fylgjast með samskiptum í skólastofunni og fjölbreyttari sýn fékkst á nemendur, því betur sjá augu en auga. Kennarar gátu nýtt mismunandi hæfileika sína eftir því sem við átti, vinnuálagið dreifðist þegar kennarar voru búnir að tileinka sér ákveðið vinnuskipulag og þeir fengu tækifæri til að læra hver af öðrum.

Ef litið er á kostina sem starfið hafði í för með sér fyrir nemendur voru þeir helstir að þeir fengu tækifæri til að tengjast fleiri kennurum, fleiri kennarar voru á svæðinu til aðstoðar og meiri sveigjanleiki og fjölbreytni var í verkefnum. Nemendur kynntust fleiri krökkum sem aftur bauð upp á fjölbreyttari félagahópa. Helstu ókostirnir fyrir nemendur voru stórir nemendahópar sem hafði í för með sér meira áreiti og skvaldur í skólastofunni. Því voru kennarar stöðugt að prófa sig áfram með nýtt skipulag og nýja kennsluhætti.

Í janúar 2008 var lögð könnun fyrir foreldra allra þriggja árganganna. Þátttaka var mjög dræm, aðeins þriðjungur foreldra svaraði og niðurstöður því vart marktækar. Helstu niðurstöður voru þó þær að yfir 90% þeirra sem svöruðu eru sáttir við nýtt bekkjarfyrirkomulag, telja að barnið þeirra læri að taka ábyrgð á eigin námi og vilja að sérkennslan fari fram innan bekkjarins. Um 70% vildu bekkjardeild með 50 nemendum og þremur umsjónarkennurum í teymi en einungis 38% vildu 20-25 nemenda bekki með einum umsjónarkennara.

Snemma árs 2008 var lögð könnun fyrir nemendur í 7. bekk og kom þar fram að þeir voru ánægðari með þetta fyrirkomulag en það hefðbundna sem hafði verið við líði áður. Um og yfir 90% sögðust fá hjálp þegar þeir þyrftu, að kennarar notuðu fjölbreyttar kennsluáðferðir, þeir ættu góð samskipti við kennarana og þeir fengju oft hrós frá kennurunum. Það sem fékk minnst fylgi var ónæði í tímum.

Á vordögum 2008 lagði þróunarstjórnin matsblöð fyrir kennara og hélt matsfundum með foreldrum 1., 2. og 7. bekkjar þar sem þeir lögðu mat á starf vetrarins (niðurstöður er að finna á síðu verkefnisins á þessari slóð: <http://www.lundarskoli.akureyri.is/teymi>). Í því mati eru helstu niðurstöður að halda verkefninu áfram í öllum þremur árgöngunum og leggja meiri áherslu á foreldrasamstarf sem lítið varð úr hjá þessum árgöngum.

Í maí kynntu stjórnendur verkefnið og framhald þess sérstaklega fyrir foreldrum barna í tilvonandi 1. og 6. bekk en í þeim árgöngum verður tekið upp svipað snið og var í 1., 2. og 7. bekk í vetur.

Samkvæmt mati þróunarstjórnar, kennara í langskipunum og foreldra, er vilji fyrir því að halda þessari vinnu áfram. Ný langskipsteymi komu inn í lok maí. Þróunarstjórnin fundaði með nýjum teymum og undirbjó farveginn með þeim fyrir skólaárið 2008 –2009. Frekari undirbúningur teyma fólst í heimsóknum í skóla sem hafa byggt á teymiskennslu. Einnig kom Ingvar Sigurgeirsson í heimsókn og ræddi við þau teymi sem verða langskipsteymi næsta skólaár.

Á ráðstefnu í apríl 2008, við Háskólann á Akureyri, kynnti skólastjóri Lundarskóla þá vinnu sem unnin hefur verið með teymunum í þróunarverkefninu og framhald á henni.

Á starfsdegi í febrúar kynntu 7. bekkjarkennarar sína vinnu fyrir starfsfólki í svokallaðri smiðju. Öll langskipin kynntu svo þróunarverkefni sín fyrir starfsfólki á starfsdegi 7. apríl 2008. Að lokum kynntu svo öll teymin sem þátt tóku í þróunarverkefninu, þ.e. allt starfsfólk skólans sína vinnu á innanhússpíngi þann 5. og 6. júní og skilaði skriflegum skýrslum.

Síðustu starfsmannafundir voru nýttir til undirbúnings fyrir kynningu og skýrslugerðir teymanna.

Á innanhússþinginu kom fram að flest starfsfólk skólans tók virkan þátt í þróunarverkefninu á skólaárinu 2007 – 2008, svo og að teymiskennsla ætti fullan rétt á sér. Vilji er fyrir áframhaldandi vinnu á sömu braut. Það hefur greinilega verið mikil þróun í námsmati bæði í bóklegum-, list- og verkgreinum innan skólans og annað starfsfólk en kennarar hefur sannarlega verið að þróa sína vinnu. Í lok þingsins voru tvær spurningar lagðar fyrir þingheim. Unnið verður út frá athugasemdum sem þar komu fram við frekari þróun verkefnisins (sjá lokaorð).

Samhliða því að stýra og styðja við þróunarstarfið hefur þróunarstjórnin gert nýja langtíma þróunaráætlun sem tekur mið af áframhaldandi teymisvinnu með einstaklingsmiðaða kennsluhætti að markmiði. Þróunarstjórn er enn fremur tilbúin með framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2008–2009.



## Svífum seglum þöndum

Hér á eftir er yfirlit yfir þróunarverkefni allra teyma í Lundarskóla skólaárið 2007 – 2008, heiti teymanna og markmið þeirra. Frekari umfjöllun um hvert verkefni má finna í „Lokaskýrslu B, skýrslur allra teyma” í sömu röð og hér. Langskipin eru fyrst, önnur kennarateymi þar á eftir, síðan teymi annars starfsfólks og að lokum teymi stjórnenda.

### Teymisvinna 2007 – 2008

Teymi	Markmið
<u>1. bekkur</u> Alda Bjarnadóttir Ásdís Sif Kristjánsdóttir Jóhanna Freydís Þorvaldsdóttir	<ul style="list-style-type: none"><li>➤ Að auka samfellu í námi milli aldurshópa og námsgreina.</li><li>➤ Að auka vellíðan nemenda og ánægju í námi.</li><li>➤ Að efla ábyrgð nemenda á eigin námi.</li><li>➤ Að byggja á sterkum hliðum nemenda og áhugasviðum þeirra.</li><li>➤ Að skapa heildstæða kennslu fyrir þá árganga sem að verkefninu koma þannig að litið verði á árganginn sem eina heild, í stað stakra bekkjardeilda.</li><li>➤ Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.</li></ul>
<u>2. bekkur</u> Ágústa Kristjánsdóttir Elína Anna Kröyer Lovísa Björk Kristjánsdóttir	<ul style="list-style-type: none"><li>➤ Að koma til móts við ólíkar þarfir og getu hvers nemanda.</li><li>➤ Að auka færni nemanda í einstökum þáttum.</li><li>➤ Að efla sjálfstæði og öryggi nemenda gagnvart náminu.</li><li>➤ Að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum.</li><li>➤ Að vinna með mismunandi hópa innan árgangsins.</li><li>➤ Að geta verið í stóru rými og innan stórs hóps.</li><li>➤ Að geta unnið í fjölbreyttum hópum ýmist sjálfstætt eða með öðrum.</li><li>➤ Að geta unnið eftir hringekju og námsskífu.</li><li>➤ Að geta nýtt sér einföld sjónræn fyriræli.</li><li>➤ Að geta metið vinnu sína í tímum og skilning í námi.</li><li>➤ Að sjáanlegur árangur sé á sjálfstæði nemenda við vinnu.</li></ul>

<p><u>7. bekkur</u>  Bergljót Þrastardóttir  Guðrún Brynja Sigurðardóttir  Helga Ragnh. Gunnlaugsdóttir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að auka samfellu í námi milli aldurshópa og námsgreina.</li> <li>➤ Að auka vellíðan nemenda og ánægju í námi.</li> <li>➤ Að efla ábyrgð nemenda á eigin námi.</li> <li>➤ Að byggja á sterkum hliðum nemenda og áhugasviðum þeirra.</li> <li>➤ Að skapa heildstæða kennslu fyrir þá árganga sem að verkefninu koma þannig að litið verði á árganginn sem eina heild, í stað stakra bekkjardeilda.</li> <li>➤ Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.</li> </ul>
<p><u>Samvinna og samþætting list- og verkgreina</u>  Anna Kristín Sverrisdóttir  Atli Brynjólfsson  Jóhannes Áslaugsson  Maríanna Ragnarsdóttir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að auka samvinnu kennara í list- og verkgreinum.</li> <li>➤ Að auka samþættingu milli list- og verkgreina og einnig bóknáms.</li> <li>➤ Að fá heildarsýn á vinnu nemenda í list- og verkgreinum.</li> <li>➤ Að samræma námsmat.</li> <li>➤ Að gera verkgreinarnar sýnilegri.</li> <li>➤ Að halda utan um verknámsmöppur og meta nemandann eftir hverja smiðju.</li> <li>➤ Að hafa þemaverkefni í lok smiðju í 1., 2. og 7. bekk.</li> <li>➤ Að hafa opnar vikur í 1., 2. og 7. bekk eftir hverja lotu (nóvember, febrúar, mars og maí).</li> </ul>
<p><u>Sjálfstæð vinnubrögð, 3. og 4. bekkur og tómennt.</u>  Aðalbjörg Áskelsdóttir  Aðalheiður Skúladóttir  Arna Heiðmar  Elínborg Loftsdóttir  Hrefna Björg Óskarsdóttir  Margrét Rún Karlsdóttir  Sigrún Snædal  Sigurbjörg Hjartardóttir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að gera nemendur sjálfstæðari í vinnubrögðum og ábyrga á eigin námi.</li> </ul>
<p><u>Fjölbreytt námsmat í 6. bekk</u>  Dagný Birnisdóttir  Guðlaug Ringsted  Ingibjörg Eyjólfsdóttir  Kristín Jóhannesdóttir  Sigríður Bjarnadóttir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að útbúa fjölbreytt námsmatsform fyrir miðstig.</li> <li>➤ Að hafa munnleg próf í bókmenntum.</li> <li>➤ Að hafa hópapróf/stöðvapróf í landafræði og samfélagsfræði með einstaklingsmati/sjálfsmati á frammistöðu hópsins og sinni eigin frammistöðu.</li> <li>➤ Að útfæra sjálfsmat á vinnu nemenda – vinnubækur/hópavinna.</li> </ul>

<p><u>Námsmat til árangurs</u> 8. – 10. bekkur Birgir Sveinbjörnsson Gerður Jónsdóttir Hildur Bettý Kristjánsdóttir Jón Aðalsteinn Brynjólfsson Karólína Másdóttir Sigfríður L. Angantýsdóttir Skafti Ingimarsson</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að námsmat virki hvetjandi</li> <li>➤ Að koma í veg fyrir vanlíðan og streitu í tengslum við prófin</li> <li>➤ Að aukning verði á endurskilum hjá nemendum í leiðsagnarmati.</li> </ul>
<p><u>Skimanir - sérkennsluteymi</u> Anna Thorarensen Hafdís Einarsdóttir Hólmfríður Guðmundsdóttir Ragna Pálsdóttir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að framkvæma skimunaráætlun eins og lagt var upp með í stefnumótun skólans 2006-2007.</li> <li>➤ Að framfylgja og fastmóta ferli tilvísana og úrræða einstakra nemenda.</li> <li>➤ Að meta skimunaráætlun.</li> <li>➤ Að skoða hvaða skimanir voru notaðar?</li> <li>➤ Að fara yfir allar möppur og útbúa ferilblöð fyrir þær allar.</li> </ul>
<p><u>Námsmat í list- og verkgreinum</u> Guðrún Leonardsdóttir Sigfríður Jakobsdóttir Jónína Vilborg Karlsdóttir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að þróa sjálfsmat og jafningjamat í verkgreinum.</li> <li>➤ Að gera nemendur ábyrgari fyrir eigin námi.</li> </ul>
<p><u>Námsmat í íþróttum og bætt líðan nemenda</u> Birgitta Guðjónsdóttir Jóhanna Einarsdóttir Kristján Valur Gunnarsson Snorri Bergþórsson</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að búa til nýtt námsmat í íþróttum fyrir nemendur Lundarskóla.</li> <li>➤ Að gera námsmatið þannig að auðveldara sé fyrir nemendur, foreldra og kennara að sjá hvað í námsmatinu felst.</li> <li>➤ Að nemendur fái tækifæri til að meta sjálfa sig og bera ábyrgð á eigin námi.</li> <li>➤ Að félagslegir þættir aðalnámskrár verði settir inn í námsmatið, t.d. kurteisi, tillitssemi og virkni.</li> </ul>
<p><u>Líflsleikni</u> Erla Ingólfssdóttir Friðgeir Guðmundsson Hallfríður Einarsdóttir Heiða Kristín Jónsdóttir Markús Hávarðarson</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að búa til gagnabanka fyrir alla árganga skólans.</li> <li>➤ Að gagnabankinn sé aðgengilegur á heimasíðu verkefnisins.</li> <li>➤ Að tryggja að allir nemendur fái kennslu í samræmi við markmið nýrrar aðalnámskrár.</li> <li>➤ Að námsmat sé tiltækt <ul style="list-style-type: none"> <li>- kennaramat</li> <li>- sjálfsmat</li> <li>- jafningjamat</li> </ul> </li> </ul>

<u>Skólaliðar – útileikir</u> Kristín Dúadóttir Margrét Alda Karlsdóttir María Stefánsdóttir Björg Sigtryggsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að stuðla að betri líðan nemenda í frímínútum.</li> <li>➤ Að nemendur séu jafnir í leik.</li> </ul>
<u>Skólaliðar – samskipti</u> Ása Mjöll Þorbergsdóttir Anna Höskuldsdóttir Britt Mari Gunnarsson Brynja Erlendsdóttir María Ýr Donaire	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að bæta samskipti við alla.</li> <li>➤ Að brosa og segja hlýleg orð.</li> <li>➤ Að senda skýr og stutt fyrirmæli.</li> </ul>
<u>Skólaliðar – skýrar reglur</u> Elín Valgerður Eggertsdóttir Ingunn Pálsdóttir Sif Árnadóttir Særún Guðgeirsdóttir Valgerður Davíðsdóttir Þorbjörg Ólafsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að skólareglurnar verði sýnilegar.</li> </ul>
<u>Lundarkot/Frístund</u> Anna María Snorradóttir Jónína Guðmundsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að börnin virði þau svæði sem þau velja að leika sér á.</li> <li>➤ Að börnin beri virðingu fyrir svæðinu, fyrir hvert öðru og leikföngunum.</li> <li>➤ Að börnin gangi frá eftir sig að leik loknum.</li> </ul>
<u>Eldhús</u> Ágústa Björk Árnadóttir Auður Þorsteinsdóttir Soffía Steinunn Garðarsdóttir Þóra Guðrún Þórsdóttir Þórey Sveinsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að bæta andrúmsloftið í matsalnum.</li> <li>➤ Að styðja hverja aðra í að bæta vinnuumhverfið.</li> <li>➤ Að gefa jákvæð skilaboð.</li> <li>➤ Að tala við nemendur á yfirvegaðan hátt og minna hverja aðra á.</li> </ul>
<u>Stjórnendur</u> Eyrún Skúladóttir Gunnar Jónsson Þorgerður Sigurðardóttir Þórhildur Helga Þorleifsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Að styðja við starfsfólk með skilvirkni.</li> <li>➤ Að bæta boðleiðir.</li> <li>➤ Að fundarskipulag verði gott og skýrt.</li> <li>➤ Að betra aðgengi verði að stjórnendum.</li> </ul>

Skýrslur allra teyma er að finna í lokaskýrslu B.

## Lokaorð

Vinna við þróunarverkefnið hefur skilað miklu til skólans. Mikilvægast er að allt starfsfólk skólans hefur tekið þátt í því og fengið meiri innsýn inn í vinnu hvers annars en áður. Í mati foreldra kom fram að þeir vilja að skólinn þrói verkefnið áfram. Mat ráðgjafa er að þetta verkefni sé eitt framsæknasta skólaþróunarverkefni sem hann hefur fylgst með og að skipulag þess sé allt til mikillar fyrirmyndar og áhugavert hve allir starfsmenn taki virkan þátt í því.

Öll teymin kynntu sína vinnu á innanhússþingi og skiluðu skriflegum skýrslum þar sem mat var lagt á árangur. Í niðurstöðum innanhússþingsins kom margt fram sem gefur verkefninu gildi. Sem dæmi má nefna:

- Meiri blöndun starfsfólks.
- Aukin umræða í blönduðum hópum.
- Starfið hefur gefið hverju teymi fyrir sig tækifæri til að huga að endurbótum á því sem þörf hefur verið að huga að og ekki settur tími í fram að þessu.
- Allir stefna að sama markmiði.
- Einangrun list- og verkgreinakennara rofin.
- Ánægja með að allir starfsmenn skólans eru með í að þróa og bæta skólastarfið sem skilar sér.
- Við nýtum betur sterkar hliða okkar.
- Þessi vinna starfsfólks miðar að því að nemendum líði vel.
- Hugmyndir foreldra hafa breyst í kjölfar sameiginlegrar sýnar.
- Jákvætt hvað þetta hefur smitað út frá sér, einnig út á við. Djörfung og það sem fólk hefur þorað að gera.

Svona mætti lengi telja en vilji fólks til að halda þessu starfi áfram kemur glögg fram og ýmsar góðar hugmyndir um hvað má betur fara. Þróunarstjórn hefur þegar tekið mið af hugmyndum í framkvæmdaáætlun fyrir næsta skólaár.

Þróunarstjórn hefur lagt upp með að halda frekari þróunarvinnu áfram í þessu verkefni og sótti um styrk í Þróunarsjóð grunnskóla til frekara þróunar á verkefninu *Svífum seglum þöndum* næsta skólaár. Það er skemmst frá því að segja Lundarskóli fékk úthlutað úr þeim sjóði. Því svífum við ótrauð áfram inn í skólaárið 2008 – 2009 með byr í seglin.

**„Siglingin er hafin, það er búið að ýta úr vör og byr verður bara í eina átt“.** (Innanhússþing 6. júní 2008)

Kynningu á verkefninu er að finna á heimasíðu skólans. Þar er m.a. að finna niðurstöður mats foreldra og kennara á verkefninu auk kynninga frá innanhússþinginu, þróunaráætlun o.fl. Þar verður einnig að finna verkefni og fleira sem teymin gerðu (sjá á síðu verkefnisins á slóðinni: <http://www.lundarskoli.akureyri.is/teymi/>).

## Fylgiskjöl

- „Lokaskýrsla B, skýrslur allra teyma” sem þátt tóku í verkefninu *Svífum seglum þöndum*.
- Síðu verkefnisins er að finna á slóðinni: <http://www.lundarskoli.akureyri.is/teymi/>